

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

**Fundargerð 125. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis, fimmtudaginn 5. desember 2019 kl: 16:00, haldinn á skrifstofu eftirlitsins í Bolungarvík. Mætt voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Kristján G. Jóakimsson, Jón Reynir Sigurvinson og Hólmfríður Vala Svavarsdóttir. Jón Hörður Elíasson tók þátt í gegnum síma.**

Dagskrá:

1. Viðbrögð sveitarfélaga við fjárhagsáætlun 2020
2. Staða mála varðandi breytingar á lögum og reglugerðum
3. Ögur – Garðstaðir, breyting á aðalskipulagi og bréf
4. Reykhólar, neysluvatn, áminning, farið yfir mál og niðurstöður
5. Niðurstöður úr efnagreiningum á neysluvatni
6. ESA úttekt á lífrænum vörum
7. Kynnt frá Umhverfisstofnun
8. Kynnt frá Matvælastofnun
9. Umsagnir um rekstrarleyfi til sýslumanns
10. Umsagnir um tækifærisleyfi til sýslumanns
11. Tímabundin starfsleyfi fyrir brennur
12. Starfsleyfi fyrirtækja
13. Tóbakssöluleyfi
14. Önnur mál

### 1. Fjárhagsáætlun fyrir 2020

Sveitarfélög hafa lagt fram fundargerð heilbrigðisnefndarfundar þann 31. október með fjárhagsáætlun ýmist til samþykktar eða kynningar. Engar athugasemdir hafa borist. Fjárhagsáætlun skoðast því samþykkt.

### 2. Breyting á lögum nr. 7/1998 og skráningarreglugerð, kynnt

Laga og reglugerðarbreytingar, fundapunktur HES og SÍS

### 3. Garðstaðir, breyting á skipulagi

- a. Bréf vegna Garðstaða frá eigendum Ögurs
- b. Minnisþing vegna bréfs Pakta lögmanna 2014
- c. Mengun sem stafar frá úrvinnslu ökutækja á jörðinni Garðstöðum, Súðavíkurbreppi

Heilbrigðisnefnd og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins er ljós sú nauðsyn á umræðu um umhverfismál er fram koma í erindi eigenda Ögurs. Augljóslega gætir töluverðs miskilnings er fram kemur í erindum eigenda Ögurs sem borist hafa eftirlitinu undanfarið. Ljóst er að viðfangsefnið er flókið úrlausnar og er fyrst og fremst á forræði sveitarfélaga við Djúp. Vegna þessa er frekari umræðu um málið frestað til næsta fundar.

#### 4. Starfsleyfi fyrirtækja, heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu neðan- taldra starfsleyfa:

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Gildistími starfsleyfa er 12 ár. Starfsleyfi er veitt með fyrirvara um auglýsingu og kynningu.

- a. Olís sækir um leyfi fyrir bryggjudælum á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Skráð.
- b. Hvammur, endurnýjun á starfsleyfi fyrir vatnsveitu
- c. Gróustaðir, endurnýjun á starfsleyfi vegna vatnsveitu
- d. Mýrartunga, endurnýjun á starfsleyfi vegna vatnsveitu
- e. Verslunarfélag Drangsness ehf., ósk um starfsleyfi
- f. Tjarnarbær, Suðureyri, endurnýjun á starfsleyfi
- g. Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Borgarbraut 6, endurnýjun á starfsleyfi
- h. Heilsugæslustöðin Hólmavík, endurnýjun á starfsleyfi
- i. Félagsheimili Patreksfjarðar, endurnýjun á starfsleyfi
- j. Vegagerðin – Patreksfirði, starfsleyfi fyrir viðgerðaraðstöðu
- k. Vegagerðin – Hólmavík, starfsleyfi fyrir viðgerðaraðstöðu
- l. Vegagerðin – Ísafirði, starfsleyfi fyrir viðgerðaraðstöðu
- m. Ísafjarðarbær, Vatnsveita Ísafirði
- n. Ísafjarðarbær, Vatnsveita Suðureyri
- o. Ísafjarðarbær, Vatnsveita Flateyri
- p. Ísafjarðarbær, Vatnsveita Þingeyri
- q. Kaldrananeshreppur, Vatnsveita
- r. Arctic Prótein, meltuframléiðsla og vatnshreinsun.
- s. Áramótabrenna, Patreksfirði, tímabundið starfsleyfi 31.12 2019
- t. Áramótabrenna, Bíldudal, tímabundið starfsleyfi 31.12 2019
- u. Áramótabrenna Súðavík, tímabundið starfsleyfi 31.12 2019
- v. Þrettándabrenna Garðstöðum í Súðavíkurbreppi, tímabundið starfsleyfi, 4.1 2020

#### 5. Úr eftirliti, kynnt

- a. **E.coli** í neysluvatni í Rauðsdal, búið að setja upp geislunartæki.
- b. **E.coli** í neysluvatni á Reykhólum. Heilbrigðisnefnd **áminnr Reykhólahrepp vegna seinagangs á fyrirbyggjandi viðbrögðum. Vatnssuðuástand hefur verið viðvarandi frá því 17. september**

2019. Sýni sem tekin voru á mánudag eru laus við E.coli og vatnssuðu aflétt. Frekari úrbóta er þörf.

- c. Heildarefnagreining, Patreksfirði, 2019
- d. Heildarefnagreining, neysluvatn Bolungarvík, 2019
- e. Heildarefnagreining fyrir borholu JV, Bolungarvík 2019

Brugðist er við tilfellum af E.coli í neysluvatni skv. vinnureglum: Örverumengað neysluvatn, viðbrögð stjórnvalda og upplýsingar til almennings. Send er tilkynning til vatnsveitna með tilmælum um vatnssuðu og tilkynningu til notenda sem hengja á upp við vatnstökustaði. Jafnframt eru upplýsingar um E.coli settar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins [www.hevf.is](http://www.hevf.is) Unnið er að úrbótum á Reykhólum.

## 6. Skipulagsmál umsagnir kynnt

- a. Norðurbotn. Breyting á aðalskipulagi Tálkanfjarðarhrepps 2006-2018, breyting á deiliskipulagi. Skipulags og matslýsing.
- b. Framleiðsluaukning Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal
- c. Galtarvirkjun í Garpsdal, umsagnarbeiðni

## 7. Matvælastofnun kynnt

- a. Heimsókn ESA Mission to Iceland on organic production and labeling of organic products from 25. november to 3. desember 2019. Dagskrá
- b. Minnisblað Mast vegna arsens í þara
- c. EFSA publishes dietary exposure estimates for inorganic arsenic. There are no recommended maximum levels of arsenic in food at EU level.
- d. Minnismiði vegna heimsóknar í Þörungaverksmiðjuna
- e. Póstur frá Mast varðandi efnainnihald
- f. Dreifir þú niðurgangspest með matnum, fréttatilkynning og minnispunktur úr heimsókn
- g. Póstur frá Valgeiri Bjarnasyni Mast
- h. Svar Þörungaverksmiðjunnar til Mast
- i. Svar Þörungaverksmiðjunnar við pósti frá Valgeiri varðandi heimsókn
- j. Tillögur að eftirlitsverkefni vegna orkudrykkja sem innihalda meira en 320 mg af koffíni í lítra
- k. Fræðslufundur: Breyttar reglur um innflutning á hráu kjöti
- l. Vitundarvakning um skynsamlega notkun sýklalyfja. Fréttatilkynning
- m. Fundargerð Matvælahóps 24. nóvember 2019
- n. Grunur um salmonllu í ferskum kjúklingi frá Matfugli, fréttatilkynning ásamt dreifingarlista
- o. Fundarboð og fyrirmæli
- p. Nýr póstur frá Valgeiri Bjarnasyni varðandi fóður og andmælarétt
- q. Póstur frá forstjóra varðandi málatilbúnað
- r. Útgáfa rekstrarleyfis til fiskeldis að Nauteyri
- s. Þykktarmælingar á geymum í Olíubirgðastöð Olíudreifingar á Patreksfirði.
- t. Samþykkt úrbótaáætlun, Vegagerðin, Vestursvæði

## **8. Umhverfisstofnun kynnt**

- a) Eftirlit UST: Artic Smolt, samþykkt úrbótaáætlun
- b) Fundur í Vatnasvæðanefnd 1, glærur
- c) Fundargerð umhverfisgæðahóps 21.10 2019
- d) Eftirlit UST með frágangi að Klofningi og Funa 2.12 2019
- e) Útgáfa starfsleyfis fyrir Háafell ehf. fyrir fiskeldi í Ísafjarðardjúpi

## **9. Umsagnir um rekstrarleyfi til sýslumanns**

- a. Stapadrangur ehf., umsögn, Félagsheimili Bolungarvíkur
- b. Fisherman, umsögn, gististaður með áfengisveitingum, 50 gestir
- c. Húsið Dakis, gististaður með áfengisveitingum umsögn

## **10. Tækifærisleyfi, umsagnir til sýslumanns**

- a. Árshátíð Arnarlax, tímabundið áfengisleyfi, Félagsheimilið Bíldudal

### **Fundadagsetningar 2019:**

6. fundur                      5. desember              Viðbrögð  
7. fundur

### **Tillaga að fundadagsetningu 2020**

1. fundur                      27. febrúar  
2. fundur                      28. maí  
3. fundur                      28. ágúst  
4. fundur                      15. október  
5. fundur                      10. desember

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:40

